

## Fundur var haldinn í Öldungaráði Suðurnesja mánudaginn 25.maí 2020.

Fundurinn var haldinn á sal Nesvalla og tveggja metra reglan viðhöfð. Hófst fundurinn klukkan 17.00 og mættir voru eftirtaldir:

Eyjólfur Eysteinnsson formaður, Sigurður Jónsson varaformaður, Magnús S Magnússon, Sigurbjörg Jónsdóttir, Þórdís E Kristinsdóttir, Sigurbjörg Eiríksdóttir, Símon Rafnsson og Þorbjörg Pálsdóttir sem aðstoðaði við snertiprif.

Dagskrá fundarins:

Bréf til ráðherra Svandísar Svavarsdóttur dagsett 28. Febrúar 2020.

Bréf til ritara ráðherra Silju Gunnarsdóttur 27.mars 2020.

Fundargerð Öldungaráðs Suðurnesja 20.janúar 2020.

Dagskrá fundar Öldungaráðs Suðurnesja 24.febrúar 2020.

Drög að bréfi til ráðherra heilbrigðismála Svandísar Svavarsdóttir.

Skýrsla til RSK Fyrirtækjaskrá.

Önnur mál.

Umræður á fundinum vörðuðu aðallega það ófremdarástand sem er í heilbrigðismálum á svæðinu. Sjúkrahúsið og stefnu þess. Einnig var rætt að sárlega vantaði heilsugæslu í Suðurnesjabæ.

Magnús sagði frá fundi sem hann var á með ASÍ og voru þar allir einróma á því hvað mikið skorti uppá hjá okkur á Suðurnesjum í þessum málum. Rætt var um að Heilbrigðisráðherra kæmi til fundar með haustinu og að

Öldungaráð sveitarfélaganna myndu mæta þar vel. Væru með fyrirspurnir tiltækar og áherslupunkta. Lagt til að bæjarstjórar af svæðinu sæu um fundarstjórn.

Á fundinum í dag var ákveðið að senda erindi um þessi mál til Öldungaráða skipaða af sveitarsjórnnum á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.

Sigurbjörg Eiríksdóttir.